

25/2 '74

STARFSSKÝRSLA ÁGÚSTS ÁRNASONAR

HJÁ SKÓGRAKT RÍKISINS

HVAMMI ÁRID 1973

## STARFSKYRSLA

Frá áramótum og fram í maí starfaði ég á skrifstofu Skógræktar ríkisins í Reykjavík. Í Skorradal fór ég öðru hvoru til eftirlits, en þann 7. maí flutti ég í Hvamm og var þar til október loka. Frá 19. nóv. til 1. des. var ég í Skorradal að taka jólatré og greinar.

### 1. Veðurfar.

Árið byrjaði með óvenju hlýjum janúar, en febrúar var kaldari og umhleypingasamur. Þann 24. febr. gerði mjög mikinn snjó. Mars var úrkomusamur og umhleypingasamur. Fyrrihluti apríl var kaldur en eftir þann 12. fór að hlýna og ís tók af Skorradalsvatni. Traustur ís var aldrei á vatninu á vetrinum. Frost var lítið í jörð. Það fór fremur hægt hlýnandi til 17. maí, en þá gerði nokkra mjög hlýja daga eða fram til 20. maí.

Vorið var fremur kalt fram að miðjum júní en þá fór fyrst að hlýna og birkið gat ekki talist allaufgao fyrir en 16. júní.

Veourfar á gróoursetningartímanum var fremur hagstætt, svalt og úrkomusamt. Úrkomusamt var fram að miðjum júlí. Eftir það þornaði og var sólríkt til 26. júlí en þá kom rok er olli verulegum skemmdum á sitkagrenitoppum.

Þann 19. ágúst gerði naturfrost svo að verulega sá á kartöflugrasi á sumum bæjum í Skorradal.

Fyrrihluti sept. og fram til þess tuttugasta var tíð óvenju hlý og góðviðrasom. Þann 24. sept. gerði suð-austan ofsaveður. Í þessu veðri skemmdust margar stórar, gamlar birkihríslur og reynirinn við bæinn í Háafelli féll, en hann var sennilega með stærstu reyniviðum á Vesturlandi. Í veðrinu lostnuðu víða járnplotur af húsum.

Sumarið í heild var fremur svalt en þó tel ég að sprettu-tíð hafi verið nokkuð hagstæð.

Haustið var ekki kalt en verulega kólnaði í nóvember og þá lagði Skorradalsvatn. Desember var með eindæmum kaldur og snjóþungur.

### 2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

Trjágróður kom fremur vel undan vetri, þó bar toluvert á skemmdum undan snjóbroti sérstaklega á stafafuru, sem fór illa í bleytusnjó snemma vetrar.

Laufgun á lerki var 29. - 31. maí en birki laufgaðist á tímanum frá 29. maí til 16. júní.

Lauffall á birki var 29. sept. til 5. okt.

Sitkagreni var með góða árssprota eftir sumarið en mikið var um að langir árssprotar brotnuou í roki seinni-part júlímánaðar eins og áður er getið..Nokkuð bar á að nálar á sitkagreni yrou bíá - brúnar sérstaklega neðantil á plöntunum. Ekki er ljóst hvað veldur en Dr. Wolfgang Gerlach frá, Berlín, sem kom í Stálpastæði í sumar, taldi þetta vera af völdum svepps.

Stafafura og rauðgreni voru með styttri árssprota í sumar en í fyrra.

Skógarfura var með ljótasta móti og stór hluti af lerkinu var slæmt og illa leikið af sveppi.Arkangelsklerkið var fremur fallett í sumar og birki var með þrifalegasta móti.

### 3. Starfsfólk.

Á launaskrá komu 21 en 6 starfsmenn voru að jafnaði yfir sumarið. Í júní voru vinnuflokkar bæði í Sarpi og Hvammi.

Mánaðarlegar launagreiðslur voru, sem hér segir:

Maí .....	kr.	28.171.-
Júní .....	-	304.491.-
Júlí .....	-	241.901.-
Agúst .....	-	247.942.-
Sept.....	-	85.498.-
Nóv. ....	-	38.960.-
Des. ....	-	<u>5.256.-</u>

Samtals kr. 952.225.-

## Verkefnasundurlíðun vinnulauna:

101	Ráðskona .....	kr. 184.303.-
102	Grisjun .....	- 9.608.-
103	Gróðursetning .....	- 144.921.-
104	Hirðing .....	- 271.173.-
105	Jólatré / hnausplöntur .....	- 40.933.-
107	Uppgræðsla .....	- 17.104.-
108	Mýjar girðingar .....	- 79.648.-
109	Viðhald girðinga .....	- 51.621.-
110	Vegagerð .....	- 8.333.-
112	Umsjón / smölun .....	- 41.650.-
301	Tilraunir .....	- 5.127.-
507	Starfsmannabústaður viðhald ...	- 18.200.-
510	Verkfæragæmslur viðhald .....	- 60.551.-
561	Viðhald dráttarvéla .....	- 2.735.-
V800	Viðhald Bakkakoti .....	- 12.514.-
	Samtals	kr. 952.225.-

4. Girðingar.

Á Stóru-Drageyri var gengið frá tveim vönduðum hliðum og lokið var við undirhleðslu og renglun, sem ekki var lokið í fyrra. Með þessari girðingu bætast um 230 ha við afgirt land skógræktar í Skorradal. Það kom strax í ljós að nokkurt vandamál verður að halda hliðum lokuðum á Stóru-Drageyri en þjóðvegur inn að Haga liggur um landið.

Ekki varð úr framkvæmdum við nýja giroingu í Sarpi eins og áætlað var.

Viðhald á giroingum var svipað og á undanförunum árum en giroingar komu fremur vel undan vetri.

### 5. Gróðursetningar.

Unnið var við gróðursetningu á tímabilinu frá 6. júní til 4. júlí. Gróðursettar voru samtals 40.330 plöntur,

Tafla yfir gróðursetningu árið 1973:

#### Stálpastaðir:

Tegund	Kvæmi	Aldur	Tala	Reitur	Plantað dag
Stafafura	Skagway	2/3	600	112	14/6.
Stafafura	Skagway	2/3	350	114	14/6.
Stafafura	Skagway	2/3	2.000	211	14 -18/6.
Stafafura	Stálpast.	1/1/2	3	142	20/4.
Fjallalerki	Banff N. P.	1/1	3	1.11.8	20/4.
Sveigfura	Gilpin C.	2/2	1	1.11.5	20/4.
Japanþinur	Japan	1/1	3	1.11.4	20/4.

#### Hvammur:

Birki	Skaftafell	2/0	3.220	335	7 -13/6.
Stafafura	Skagway	2/3	2.500	335	19/6.
Sitkagreni	Cordova	2/2	1.150	335	20/6.
Rauðgreni	Lev. Verdal	2/3	6.300	512	21 -27/6.

#### Selaskógur:

Rauðgreni	Lev. Verdal	2/3	1.720	232	27 - 28/6.
Rauðgreni	Trysil	2/4	350	232	3/7.
Rauðgreni	Trysil	2/4	4.000	331	28/6. -2/7.

Tafla yfir gróðursetningar 1973 framhald:

Bakkakot:

Tegund	Kvæmi	Aldur	Tala	Reitur	Plantað dag
Birki	Skaftafell	2/0	1.780	21-25	13/6. - 15/6.
Birki	Koillafjörður	2/0	700	21 -25	13 -15/6.
Lerki	Altai	2/2	1.500	31-32	21/6.
Sitkagreni	Cordova	2/2	1.500	31-32	20/6.
Stafafura	Skagway	2/3	5.000	21-25	12-18/6.
Sitkagreni	Cordova	2/2	7.350	34-35	20-25/6.

Gróðursetningar skiptast eftir girðingum, sem hér segir:

Hvammur	13.170
Stálpastaðir	3.260
Bakkakot	17.830
Selsskógur	<u>6.070</u>
Samtals	40.330

Gróðursetning skiptist eftir tegundum, sem hér segir:

Sitkagreni	10.000
Rauðgreni	12.370
Stafafura	10.753
Sveigfura	1
Siberíalærki	1.500
Fjallalærki	3
Birki	5.700
Japanþinur	<u>3</u>
Samtals	40.330

Auk þessa var farið með 600 plöntur af birki og 100 plöntur af stafafuru í girðingu á Ferstiklu.

## 6. Hirðing.

Grisjun frá barrplöntum hefur á undanförunum árum mest verið unnin í ákvæðisvinnu á veturna. Ákvæðisvinnan hófst aldrei síðastliðinn vetur og þess vegna varð að eyða miklum tíma af sumarvinnunni í þessi storf.

Grisjað var frá barrplöntum á 16 ha í ýmsum reitum á Stálpastöðum, Hvammi og í Selsskógi.

Brautirnar er afmarka reiti í Hvammshlíðinni voru orðnar grónar birkikjarri. Í sumar var farið með kjarrsögum mikinn hluta þeirra og þar hreinsaðar.

Keyptir voru 50 þokar af tilbúnum áburði. Þar af voru 20 þokar af blönduðum áburði (23 - 14 - 9), 20 þokar af Kjarna og 10 þokar af kalkammon (20%). Þessum áburði var dreift á samtals 7.4 ha. Aðallega var áburður borinn á rauðgreni. Borið var á allt rauðgreni frá '58 og '59 í Halldórslundi. Á Stálpastöðum var borið á 6.2 ha en í Hvammi var borið á 1.2 ha. Auk þessa var tveim þokum af Kjarna dreift á gróurlitla mela fyrir vestan tún í Hvammi.

## 7. Vegagerð.

Unnið var við ofaníburo á bílaplani í Hvammi og borið bar í veg niður að vatni. Dráttarvélin var notuð við flutning á mól. Dálítið var unnið við viðhald á dráttarvélabrautum á Stálpastöðum.



## 8. Byggingar.

Töluverðu var kostað til viðhalds bygginga á árinu. Fyrst er að geta að rafmagnsheimtaug var lögð að Hvammi og tengd rafdreifikerfi Rarik. Samhliða þessu varð að gera ýmsar breytingar á rafkerfi húsa í Hvammi. Hitalögn var breytt í rafhitun, þannig að hiti er á nýja húsinu allan veturinn.

Rafmagnsinntakið og breytingar á raflögn voru kostnaðar-  
somustu liðir í viðhaldi húsa. Breytingum og endurbótum á  
raflögn er ekki nærri lokið. Eftir er að yfirfara raflögn  
og tengja í útihús og frestur fékkst á endurbótum í gamla  
húsinu, vegna þess að áætlað er að rífa það innan fárra ára.  
Frestur var aðeins gefinn til tveggja ára. Verður því að  
endurbyggja raflögn þar ef húsló verður ekki rifið innan  
þess tíma. Þess má geta að húsinu er mjög hætt við hruni  
hvenær sem er. Þess vegna er reynt að halda öllum viðhalds-  
kostnaði í lágmarki. Forstofa og borðstofa voru máluð í  
gamla húsinu.

Viðbygging í Hvammi var máluð að utan og inni var máluð  
stofa, skrifstofa og bað.

Gert var við múrningu á haughúsi og máluð voru að utan  
öll útihús í Hvammi.

### 9. Vélar og verkfæri.

Viðhald á dráttarvél var kostnaðarsamt á árinu, en dráttarvélin var öll rækilega yfirfarin og viðgerð á verkstaði. Keyptar voru völdugar keðjur á öll hjól á dráttarvélina. Óumflýjanlegt er að hafa keðjur í vetrarakstri við flutninga á jólatrejum og greinum.

### 10. Ymislegt.

Straumur feroafólks í Stálpastaði hefur aldrei verið eins mikill og í sumar. Um tíma var það næstum daglega að stórir ferðahópar komu til að skoða skógræktina. Ekki verður þeirra allra getið hér en þó verð ég að geta gamalla Hvanneyringa er komu til að skoða Halldórslund. Athyggilisvert var hve margt sveitafólk sýndi áhuga með heimsókn í Stálpastaði og má þar nefna kvenfélög og bænduferðir.

Sala á hnausplöntum var minni í ár en á fyrra ári. Seldar voru 156 hnausplöntur, flestar sitkagreni fyrir kr. 123.960.-

Um 1000 jólatré voru seld frá Stálpastöðum fyrir kr. 390.780.- Flest voru jólatrén rauðgreni en um 20 broddgreni. 875 kg af stafafurugreinum voru seldar frá Stálpastöðum fyrir kr. 48.125.-

Reykjavík í febrúar 1974

*Hjortur Arnason*